

Samþykktir fyrir
Solid Clouds hf

Heiti félagsins, varnarþing og tilgangur

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Solid Clouds hf.

2. gr.

Varnarþing félagsins er Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er upplýsingatækni, hugbúnaðarþróun, gerð og markaðssetning tölvuleikja, heildsala, smásala, kaup/sala/rekstur fasteigna, lánastarfsemi, svo og skyldur rekstur.

Hlutafé félagsins

4. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 143.408.778, eitt hundrað fjörtíu og þrjár milljónir fjögurhundrað og átta þúsund sjö hundruð sjötíu og átta krónur,- 717.043.892, sjö hundruð og sautján milljónir fjörutíu og þrjú þúsund átta hundruð níutíu og tvær krónur-.

Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1 – ein króna- að nafnverði.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða hækkun hlutafjár um allt að kr. 38.314.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta, í einu lagi eða í áföngum. Heimild þessa má einungis nota í tengslum við efndir kaupréttarsamninga við starfsmenn og verktaka félagsins. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að hlutum sem gefnir eru út samkvæmt heimild þessari. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá þeim degi sem þeir eru afhentir starfsmanni eða verktaka skv. skilmálum kaupréttarsamnings. Heimildin fellur niður þann 25. maí 2027, að því leyti sem hún er þá ónýtt. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjárhækkun. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í áföngum um allt að 9.187.500 hluti að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar njóta ekki forgangs til að nýju hlutum sem eru gefnir út samkvæmt heimild þessari. Heimild þessa má einungis nota í tengslum við efndir samninga sem gerðir hafa verið og gerðir verða við ráðgjafa félagsins. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt þeim samningum sem félagið hefur gert eða mun gera við hlutaðeigandi ráðgjafa. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að rétthafar greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðrum verðmætum en reiðufé og skal fara um slíkt eftir ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Heimild þessi gildir í tvö ár frá 14. febrúar 2024, en fellur niður við það tímamark að því leyti sem hún er ónýtt. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjárhækkun.

Á hluthafafundi félagsins 1. apríl 2026 samþykktu hluthafar félagsins með vísan til VI. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, að félagið taki lán með útgáfu breytanlegra skuldabréfa, samtals að höfuðstólsfjárhæð allt að 400.000.000 kr., skipt í þrjá áfanga:

Áfangi 1 (Upphafsfang):

- Höfuðstóll allt að 100.000.000 kr.

- Útgáfan er háð þeim skilyrðum að (i) hlutfé félagsins verði lækkað um 80%, sbr. 2. tillögu þessa hluthafafundar, (ii) ekkert vanefndartilvik hafi átt sér stað og er enn útistandandi eða að útgreiðsla leiði til vanefndar, (iii) að rannsóknar- og þróunarverkefni, sem félagið er eigandi að, hafi hlotið staðfestingu samkvæmt 5. gr. laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og veiti félaginu rétt til sérstaks frádráttar frá álögðum tekjuskatti skv. 10. gr. sömu laga, að fjárhæð allt að 135.000.000 kr, (iv) að allir lykilstjórnendur séu enn starfandi hjá félaginu í fullu starfi eða hafi gert ráðgjafar eða verksamning við félagið og vinnuframlag miðast við fullt starf; og (v) að félagið nái að lágmarki 35% miðgildi 30 daga arðsemi auglýsingakostnaðar (d30ROAS) fyrir apríl 2026, þar sem d30ROAS er reiknað sem tekjur af auglýsingaherferðum yfir 30 daga tímabil deilt með heildarkostnaði þeirra Framangreint skilyrði er þó ekki uppfyllt ef raunverulegur auglýsingakostnaður fellur undir þau lágmörk sem tilgreind eru í auglýsingaáætlun félagsins
- Lokafrestur (Long Stop Date): 15. júní 2026.
- Félaginu er heimilt að afhenda tilkynningu um útgáfu (Drawdown Notice) til kröfuhafa þegar félagið telur sig hafa uppfyllt almenn og sérstök frestskilyrði Áfanga 1, ásamt fylgigögnum sem sýna fram á að frestskilyrðin hafi verið uppfyllt.
- Kröfuhafi hefur í framhaldinu tíu (10) virka daga til að yfirfara tilkynningu félagsins og ákvarða einhliða hvort frestskilyrði séu uppfyllt. Ef kröfuhafi metur svo að félagið hafi uppfyllt öll frestskilyrði, eða kröfuhafi fellur skriflega frá einhverju frestskilyrðanna, gefur kröfuhafi út staðfestingu þess efnis og nefnist sá dagur útgreiðsludagur (Drawdown Date).
- Greiðsludagur (Payment Date): Innan tíu (10) virkra daga frá útgreiðsludegi (Drawdown Date).
- Útgáfudagur: Innan þriðja (3) virkra daga frá móttöku félagsins á fullri greiðslu frá kröfuhafa fyrir skuldabréf í Áfanga 1.
- Uppfylli félagið ekki öll frestskilyrði er kröfuhafa heimilt að skrá sig fyrir hluta af áskriftarfjárhæð Áfanga 1. Skal kröfuhafi þá afhenda félaginu tilkynningu nýtingu að hluta (Partial Drawdown Notice). Aðilum er heimilt en aldrei skylt að semja um uppfærða útgáfuáætlun innan fimmtán (15) daga frá afhendingu tilkynningar um útgáfu að hluta, sem kveður á um tímasetningu og skilyrði fyrir frekari útgreiðslu undir Áfanga 1. Breytiqenqi: 1 kr. á hlut.
- Gjalddagi: 30. nóvember 2027.

Áfangi 2 (Árangurstengdur áfangi):

- Höfuðstóll allt að 100.000.000 kr.
- Heimild til útgáfu skuldabréfa er háð þeim skilyrðum að (i) ekkert vanefndartilvik hafi átt sér stað og er enn útistandandi eða að útgreiðsla leiði til vanefndar, (ii) að útgáfu skuldabréfa í Áfanga 1 hafi verið lokið, (iii) félagið nái að lágmarki 35% miðgildi 30 daga arðsemi auglýsingakostnaðar (d30ROAS), þar sem d30ROAS er reiknað sem tekjur af auglýsingaherferðum yfir 30 daga tímabil deilt með heildarkostnaði þeirra, í tvo (2) af þremur samfelldum almanaksmánuðum, innan 15 mánaða frá útgáfu fyrsta skuldabréfs í Áfanga 1. Framangreint skilyrði er þó ekki uppfyllt ef raunverulegur auglýsingakostnaður fellur undir það lágmörk sem tilgreind eru í auglýsingaáætlun félagsins. (iv) rannsóknar- og þróunarverkefni, sem félagið er eigandi að, hafi hlotið staðfestingu samkvæmt 5. gr. laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki á árinu 2026, og veiti félaginu rétt til sérstaks frádráttar frá álögðum tekjuskatti skv. 10. gr. sömu laga, að fjárhæð allt að 135.000.000 kr., og (v) að allir lykilstjórnendur séu enn starfandi hjá félaginu í fullu starfi eða hafi gert ráðgjafar eða verksamning við félagið og vinnuframlag miðast við fullt starf.

- Lokafrestur (Long Stop Date): Sá dagur sem ber upp sextán (16) mánuðum eftir útgáfu breytanlegs skuldabréf fyrir Áfanga 1.
- Félaginu er heimilt að afhenda tilkynningu um útgáfu (Drawdown Notice) til kröfuhafa þegar félagið telur sig hafa uppfyllt almenn og sérstök frestskilyrði Áfanga 2, ásamt fylgigögnum sem sýna fram á að frestskilyrðin hafi verið uppfyllt.
- Kröfuhafi hefur í framhaldinu tíu (10) virka daga til að yfirfara tilkynningu félagsins og ákvarða einhliða hvort frestskilyrði séu uppfyllt. Ef kröfuhafi metur svo að félagið hafi uppfyllt öll frestskilyrði, eða kröfuhafi fellur skriflega frá einhverju frestskilyrðanna, gefur kröfuhafi út staðfestingu þess efnis og nefnist sá dagur útgreiðsludagur (Drawdown Date).
- Greiðsludagur (Payment Date): Innan tíu (10) virkra daga frá útgreiðsludegi (Drawdown Date).
- Útgáfudagur: Innan þriggja (3) virkra daga frá móttöku félagsins á fullri greiðslu frá hverjum kröfuhafa fyrir skuldabréf í Áfanga 2.
- Uppfylli félagið ekki öll frestskilyrði er kröfuhafa heimilt að skrá sig fyrir hluta af áskriftarfjárhæð áfanga 1. Skal kröfuhafi þá afhenda félaginu tilkynningu nýtingu að hluta (Partial Drawdown Notice). Aðilum er heimilt en aldrei skylt að semja um uppfærða útgáfuáætlun innan fimmtán (15) daga frá afhendingu tilkynningar um útgáfu að hluta, sem kveður á um tímasetningu og skilyrði fyrir frekari útgreiðslu undir Áfanga 2.
- Breytingengi: 1 kr. á hlut.
- Gjald dagi: 30. nóvember 2027.

Áfangi 3 (Valkvæður áfangi):

- Höfuðstóll allt að 200.000.000 kr.
- Kröfuhafi sem undirgengst áskriftarsamninginn hefur valrétt (en ekki skyldu) til að taka þátt í Áfanga 3, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - Að ekkert vanefndartilvikhafi átt sér stað og er enn útistandandi eða að útgreiðsla leiði til vanefndar.
 - Að útgáfa skuldabréfa í Áfanga 2 hafi verið lokið.
 - Að lágmarki 4 heilir almanaksmánuðir en ekki fleiri en 12 heilir almanaksmánuðir hafi liðið frá útgáfu skuldabréfa í Áfanga 2.
 - Að mánaðarlegar nettótekjur félagsins (brúttótekjur að frádregnum þóknunum) hafi náð lágmarki 30.000.000 kr. fyrir a.m.k. einn almanaks mánuð.
 - Að miðgildi 30 daga arðsemi auqlýsingakostnaðar (d30ROAS) síðustu þriggja almanaks mánaða sé að lágmarki 35%.
- Lokafrestur (Long Stop Date): tólf (12) mánuðum eftir útgáfu breytanlegs skuldabréfs samkvæmt áfanga 2.
- Kröfuhafi eignast valrétt (en ekki skyldu) til þess að taka þátt í Áfanga 3, enda séu fyrrgreind skilyrði uppfyllt.
- Félaginu er heimilt að afhenda tilkynningu (Option Notice) til kröfuhafa sem staðfestingu á að frestskilyrðin hafi verið uppfyllt.
- Kröfuhafi hefur í framhaldinu fimmtán (15) daga til að ákveða hvort kröfuhafi vilji taka þátt í áfanga 3.
- Greiðsludagur (Payment Date): Ekki síðar en tíu (10) dögum eftir að félagið móttækur tilkynningu frá kröfuhafa um að nýta sér rétt til að kaupa skuldabréf í Áfanga 3.
- Útgáfudagur: Innan þriggja (3) virkra daga frá móttöku félagsins á fullri greiðslu frá kröfuhafa fyrir skuldabréf í Áfanga 3.
- Breytingengi: Markaðsgengi að frádregnum 35% afslætti, þó aldrei lægra en 1 kr. á hlut. Með markaðsgengi er átt við vengið meðalverð (VWAP) hlutabréfa félagsins á Nasdaq First

North Growth Market Iceland síðustu 10 viðskiptadaga fyrir dagsetningu tilkynningar félagsins um virkjun valréttarins.

- Kröfuhafi hefur 15 daga til að ákveða þátttöku frá tilkynningu félagsins og skulu greiða áskriftarfjárhæð samhliða.
- Gjaldagi: þremur (3) dögum eftir útgáfu skuldabréfs, eða þegar í stað við afhendingu tilkynningar um samtímis umbreytingu (Simultaneous Conversion).
- Útgáfa skuldabréfa í Áfanga 3 telst til „síðari fjármögnunar“ (Capital Raise Event) eins og hugtakið er skilgreint í áskriftarsamningi og stjórn félagsins er þá heimilt að krefjast þess af kröfuhöfum skuldabréfa að skuldabréf, sem gefin hafa verið út í Áfanga 1 og Áfanga 2, verði breytt í hluti í félaginu, allt í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Stjórn félagsins hefur þannig einhliða heimild til að gera slíka kröfu, allt samkvæmt eigin mati og ákvörðun stjórnar. Stjórn er þannig ekki skylt að gera slíka kröfu.

Skuldabréfin skulu bera 25% fasta ársvexti. Kröfuhafi hefur rétt til að breyta kröfum sínum (höfuðstól og áföllnum vöxtum) í nýtt hlutafé félagsins við þau tilvik sem tilgreind eru í kaflanum „Réttarstaða kröfuhafa við tiltekin tilvik“ hér að neðan, þ.m.t. við síðari fjármögnun (Capital Raise Event), síðara atvik (Subsequent Event) og á eða fyrir gjalddaga. Félagið getur einhliða krafist þess að kröfuhafar umbreyti kröfum sínum í hlutafé við síðari fjármögnun (Conversion Obligation), í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Félaginu er ekki heimilt að greiða höfuðstól lánsins eða áfallna vexti fyrirfram á lánstímanum.

Til viðbótar við þau skilyrði sem gilda um hverja útgáfu er er kröfuhafa heimilt að draga sig út úr viðkomandi hluta skuldbindinga sinna (Tranche Commitment) og/eða hafna þátttöku í Áfanga 3 (Tranche 3), með skriflegri tilkynningu til félagsins og án skaðabótaskyldu gagnvart félaginu, ef eitthvert eftirfarandi kemur til:

- Verulegar skaðlegar afleiðingar (Material Adverse Effect): Atburður, aðstæður eða skilyrði koma upp sem hafa verulegar skaðlegar afleiðingar í för með sér samkvæmt nánari skilgreiningu í áskriftarsamningi; eða
- Hindrun eða veruleg skerðing á getu kröfuhafa til fjármögnunar: Atburður, aðstæður eða skilyrði koma upp sem koma í veg fyrir eða veikja verulega getu kröfuhafa til þess að standa skil á greiðslum sínum vegna áskriftar að skuldabréfum undir viðkomandi hluta (þ.m.t. án takmarkana: ef kröfuhafi getur ekki tryggt sér fjármögnun frá þriðja aðila, óhagstæðar reglulegar/lögfræðilegar þróanir, eða verulegar neikvæðar breytingar á fjárhagsstöðu eða horfum félagsins).

Við afhendingu slíkrar tilkynningar falla skuldbindingar kröfuhafa vegna viðkomandi hluta eða áfanga (Tranche(s)) niður og eru þær þar með úr gildi fallnar, þó þannig að réttindi kröfuhafa samkvæmt þeim skuldabréfum sem þegar hafa verið gefin út og eru í gildi skerðast ekki.

Til tryggingar á skuldum samkvæmt skuldabréfum útgefnum í áföngum 1 og 2 skal félagið (i) gefa út tryggingabréf tryggt með veði í hugverkum félagsins, (ii) veita kröfuhafa handveð í nánar tilgreindum innlánsreikningi félagsins og veita kröfuhafa veð í endurgreiðslukröfu félagsins á hendur Skattinum vegna frádráttar frá álögðum tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Réttarstaða kröfuhafa við tiltekin tilvik

Í samræmi við 2. mgr. 47. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er kveðið á um réttarstöðu kröfuhafa samkvæmt breytanlegum skuldabréfum sem hér segir:

1. Hlutfjárhækkun, áskriftarréttindi, breytanleg skuldabréf eða önnur eiginfjárfjármögnun (Capital Raise Event): Ef félagið hækkar hlutfé með útgáfu nýrra hluta, breytanlegra skuldabréfa, áskriftarréttindum eða stendur að annarri eiginfjárfjármögnun (e. other equity financing) (önnur en Áfangi 2 sem telst „Undanþegin síðari fjármögnun“), hefur kröfuhafi rétt til að breyta kröfu sinni í hlutfé, og félagið getur valið að kalla á skyldubreytingu, í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Útgáfa Áfanga 3 telst til „síðari fjármögnunar“ (Capital Raise Event).
2. Hlutfjárlækkun: Ef hlutfé er lækkað eftir útgáfu fyrsta skuldabréfsins í Áfanga 1 skal breytigengi aðlagast hlutfallslega.
3. Slit, samruni, yfirtökuboð eða skipting (Subsequent Event): Ef félaginu er slitið, það sameinast öðru félagi, gert er opinbert yfirtökutilboð til allra hluthafa um kaup á hlutum þeirra í félaginu, eða félaginu er skipt, eða félagið selur eða ráðstafar með öðrum hætti allar eða verulegum hluta eigna sinna hefur kröfuhafi rétt til að breyta kröfu sinni samkvæmt útgefnu skuldabréfi í hlutfé áður en slíkt tilvik tekur gildi, að fengnum hæfilegum fyrirvara frá félaginu.
4. Flýtiréttur kröfuhafa: Kröfuhafi getur, hvenær sem er, fallið frá skilyrðum sem kunna að gilda um útgáfu breytanlegra skuldabréfa í tilteknum áfanga, einum eða fleiri, og greitt félaginu höfuðstól viðkomandi áfanga. Við greiðslu skal félagið gefa út breytanlegt skuldabréf og reiknast vextir frá greiðsludegi.
5. Frjáls umbreyting (Voluntary Conversion): Kröfuhafi getur hvenær sem er eftir útgáfu breytanlegs skuldabréfs (í Áfanga 1, 2 eða 3) nýtt breytirétt sinn og breytt kröfu sinni í hlutfé á breytigengi samkvæmt skilmálum skuldabréfsins. Við nýtingu á flýtirétti kröfuhafa verður breytigengi vegna áfanga 1 og áfanga 2, 1 kr. á hlut en vegna áfanga 3, 65% af markaðsgengi að því tilskyldu að breytigengið sé aldrei lægra en 1. kr. á hlut.
6. Nánari ákvæði um réttarstöðu kröfuhafa eru tilgreind í skilmálum breytanlegru skuldabréfanna og áskriftarsamningi.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins um allt að 500.000.000 hluti að nafnvirði þar sem hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. að nafnvirði, í einu lagi eða hlutum, með útgáfu nýrra hluta til að mæta skuldbindingum félagsins samkvæmt breytanlegum skuldabréfum útgefnum á grundvelli þessarar heimildar, þ.m.t. vegna áfallinna vaxta og umbreytingar á afslætti í Áfanga 3. Stjórn félagsins fyrir hönd félagsins og hluthafar afsala sér forgangsrétti til áskriftar á hlutum sem gefnir kunna að verða út vegna þessarar heimildar stjórnar en stjórn er heimilt að selja þá völdum fjárfestum. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá greiðsludegi. Hækkunarheimild skal gilda til 31. desember 2028 og fellur þá niður að því marki sem hún er þá enn ónotuð eða þar til hún er felld niður með ákvörðun hluthafafundar. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum gilda að öðru leyti um hina nýju hluti sem gefnir eru út á grundvelli þessarar heimildar. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum þessum í samræmi við ákvarðanir um hækkun hlutfjár á grundvelli þessarar heimildar.

Á hluthafafundi 10. janúar 2025 samþykktu hluthafar félagsins með vísan til VI. kafla laga um hlutfélög, nr. 2/1995, að félagið taki lán með útgáfu breytanlegra skuldabréfa, samtals að höfuðstólsfjárhæð allt að 175.000.000 kr., sem veitir eigendum skuldabréfanna (hér eftir „skuldabréfaeigandi“ eða „skuldabréfaeigendur“) rétt til þess að breyta kröfum sínum samkvæmt skuldabréfunum á hendur félaginu í hluti í því ef skilyrði eru uppfyllt (hér eftir „skuldabréfið“), sbr. ákvæði þetta og skilmála skuldabréfanna. Skuldabréfið er á gjalddaga 15. september 2025. Skuld samkvæmt skuldabréfinu ber 15% fasta vexti. Félaginu er ekki heimilt að greiða höfuðstól lánsins eða áfallna vexti fyrirfram á lánstímanum.

Sérhver skuldabréfaeigandi getur breytt skuldinni, ásamt áföllnum vöxtum, samkvæmt skuldabréfinu í hluti í félaginu í samræmi við efni skuldabréfsins, nánar tiltekið í samræmi við eftirfarandi:

- a. — Breytiréttur sérhvers skuldabréfaeiganda verður virkur hvenær sem er frá útgáfudegi skuldabréfsins og fram að fjórum vikum fyrir 15. september 2025 ef félagið sækir sér síðari fjármögnun á grundvelli heimilda stjórnar til hækkunar hlutafjár í samþykktum félagsins að fjárhæð a.m.k. 225.000.000 kr. (hér eftir „síðari fjármögnun“ (e. Capital Raise Event)), á tímabilinu. Sérhver skuldabréfaeigandi getur nýtt sér breytiréttinn með tilkynningu til stjórnar félagsins í fjórar vikur eftir að hann móttækur tilkynningu frá stjórn félagsins um síðari fjármögnun. Skal tilkynning hvers skuldabréfaeiganda skoðast sem bindandi áskrift að hlutum í félaginu. Við nýtingu breytiréttarins skal breyta höfuðstóli skuldarinnar, ásamt áföllnum vöxtum, m.v. þann dag þegar hið síðari fjármögnun átti sér stað, í hluti í félaginu á genginu 1 kr. fyrir hvern hlut nafnverðs.
- b. — Breytiréttur sérhvers skuldabréfaeiganda verður einnig virkur hvenær sem er frá útgáfudegi skuldabréfsins og fram að fjórum vikum fyrir 15. september 2025 (i) við samruna, skiptingu, endurskipulagningu eða aðra sambærilega atburði (hækkun eða lækkun hlutafjár), sem tengjast hlutum félagsins og hefur áhrif á fjölda útgefinna hluta hlutafjár, eða (ii) við sölu, leigu eða framsal á öllum eða stærstum hluta eigna félagsins (hér eftir liði (i) og (ii) saman „síðari atvik“ (e. Subsequent Event)). Skuldabréfaeigandi getur nýtt sér breytiréttinn með tilkynningu til félagsins í fjórar vikur eftir að hann móttækur tilkynningu frá stjórn félagsins um síðari atvik. Skal tilkynning skuldareiganda skoðast sem bindandi áskrift að hlutum í félaginu. Við nýtingu breytiréttar vegna síðari atvika skal breyta höfuðstóli skuldarinnar, ásamt áföllnum vöxtum, m.v. þann dag þegar hið síðara atvik átti sér stað í hluti í félaginu á genginu 1 kr. fyrir hvern hlut nafnverðs.
- c. — Breytiréttur sérhvers skuldabréfaeiganda verður virkur ef hvorki síðari fjármögnun eða síðari atvik eiga sér stað á tímabilinu frá útgáfudegi skuldabréfsins og þar til fjórum vikum fyrir 15. september 2025. Skuldabréfaeigandi getur þá nýtt sér breytiréttinn með tilkynningu til stjórnar félagsins á tímabilinu frá fjórum vikum fyrir og fram til tveimur vikum fyrir 15. september 2025. Skal tilkynning sérhvers skuldabréfaeiganda skoðast sem bindandi áskrift að hlutum í félaginu. Við nýtingu breytiréttarins samkvæmt c-lið skal breyta höfuðstóli skuldarinnar, ásamt áföllnum vöxtum, m.v. þann dag þegar tilkynningin er móttækin af stjórn félagsins, í hluti í félaginu á genginu 1 kr. fyrir hvern hlut nafnverðs

Réttur til að krefjast breytiskyldu

Við síðari fjármögnun, sbr. a. lið að framan, eignast félagið einhliða rétt til að krefjast þess gagnvart sérhverjum skuldabréfaeiganda að höfuðstóli sérhvers skuldabréfs, ásamt áföllnum vöxtum, m.v. þann dag þegar stjórn tilkynnir skuldabréfaeigendum um nýtingu á framangreindum rétti, sé breytt í hluti í félaginu. Sérhver skuldabréfaeigandi gefur þar með eftir hluta af réttindum sínum með óafturkræfum hætti, þ.m.t. réttindi sem kröfuhafi þess til að krefjast greiðslu skuldarinnar að tilteknum skilyrðum uppfylltum og réttindi sem eigandi skuldabréfsins, þ.m.t. að þola kröfu um breytingu á skuld samkvæmt skuldabréfi í hluti í félaginu.

~~Í öllum tilvikum við nýtingu breytiréttar eða beitingu réttar til að krefjast breytiskyldu er félagið skuldbundið til að hækka hlutafé sitt með útgáfu á allt að 200.000.000 hlutum að nafnverði þar sem hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. að nafnverði og afhenda sérhverjum skuldabréfaeiganda. Félagið er skuldbundið til að hækka hlutafé sitt sem nemur fjölda þeirra hluta sem skuldabréfaeigandi á rétt til samkvæmt framangreindu og afhenda skuldabréfaeiganda hlutina innan 15 viðskiptadaga frá slíkri ákvörðun. Afhending hluta vegna sérhvers skuldabréfs telst hafa farið fram þegar félagsstjórn hefur áritað uppfærða hlutaskrá félagsins í kjölfar þess að hlutafjárhækkunin hefur verið skráð í fyrirtækjaskrá Skattsins. Þegar skuld samkvæmt sérhverju skuldabréfi hefur verið breytt í hluti í félaginu samkvæmt ofangreindu skal skuld samkvæmt skuldabréfinu teljast greidd í samræmi við ofangreint.~~

~~Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 200.000.000 hluta að nafnverði þar sem hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. að nafnverði með útgáfu nýrra hluta til að efna ofangreindar skuldbindingar samkvæmt skuldabréfunum. Stjórn félagsins ákveður aðra skilmála skuldabréfsins. Stjórn félagsins fyrir hönd félagsins og hluthafar afsala sér forgangsrétti til áskriftar á hlutum sem gefnir kunna að verða út vegna þessarar heimildar stjórnar. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá greiðsludegi. Hækkunarheimild skal gilda til 31. desember 2025 og fellur þá niður að því marki sem hún er þá enn ónotuð eða þar til hún er felld niður með ákvörðun hluthafafundar. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum gilda að öðru leyti um hina nýju hluti sem gefnir eru út á grundvelli þessarar heimildar. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum þessum í samræmi við ákvarðanir um hækkun hlutafjár á grundvelli þessarar heimildar.~~

~~Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins, í einu lagi eða áföngum, um allt að 300.000.000 hluta að nafnverði með áskrift nýrra hluta þar sem hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. að nafnverði. Stjórn félagsins ákveður áskriftar og greiðslufrest og gengi nýrra hluta. Hvorki hluthafar né aðrir skulu njóta forgangsréttar til nýrra hluta heldur er stjórn heimilt að selja þá völdum hæfum fjárfestum. Hækkunarheimild skal gilda til 15. september 2025 og fellur þá niður að því marki sem hún er þá enn ónotuð eða þar til hún er felld niður með ákvörðun hluthafafundar. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum gilda að öðru leyti um hina nýju hluti sem gefnir eru út á grundvelli þessarar heimildar. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum þessum í samræmi við ákvarðanir um hækkun hlutafjár á grundvelli þessarar heimildar.~~

~~Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins, í einu lagi eða áföngum, um allt að 100.000.000 hluta að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Stjórn félagsins ákveður áskriftar og greiðslufrest og gengi nýrra hluta. Hluthafar skulu njóta forgangsréttar til nýrra hluta. Hækkunarheimildin skal gilda til 31. desember 2025 og fellur þá niður að því marki sem hún er þá enn ónotuð eða þar til hún er felld niður með ákvörðun hluthafafundar. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum gilda að öðru leyti um hina nýju hluti sem gefnir eru út á grundvelli þessarar heimildar. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum þessum í samræmi við ákvarðanir um hækkun hlutafjár á grundvelli þessarar heimildar~~

~~Stjórn félagsins er heimilt að i) hækka hlutafé félagsins og ii) gefa út áskriftarréttindi, og nær heimild þessi til allt að 300.000.000 nýrra hluta í félaginu. Stjórn skal heimilt að stjórna að hvaða leyti framangreind heimild verði nýtt til hækkunar hlutafjár og útgáfu áskriftarréttinda, og framkvæmdar nauðsynlegrar hlutafjárhækkunar í tengslum við nýtingu áskriftarréttinda. Stjórn félagsins ákveður gengi, áskriftar og greiðslufrest hinna nýju hluta. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að nýjum hlutum og áskriftarréttindum, útgefnum samkvæmt ákvæði þessu, í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Nýti einhver hluthafa ekki~~

~~forgangsrétt sinn, skulu aðrir hluthafar njóta forgangs til þeirra hluta í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Að því marki sem hluthafar nýta ekki forgangsrétt sinn sbr. framangreint skal stjórn heimilt að selja nýja hluti og áskriftarréttindi til annarra aðila. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjárhækkun.~~

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í sínum eigin flokkum í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

Hlutaskrá og samskipti við hluthafa

6. gr.

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Hlutaskrá samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu, og skal arður og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

7. gr.

Heimil skal notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að sendar skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta.

Bann við lánveitingum, eigin hlutir og skuldbindingar hluthafa

8. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína.

Félaginu er heimilt að kaupa og eiga eigin hluti að því marki sem lög heimila. Verði heimild til kaupa og eignarhalds á eigin hlutum veitt af hluthafafundi, skal hennar getið í sérstökum viðauka¹ við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti samþykktanna þann tíma sem heimildin er í gildi.

Óheimilt er að nýta atkvæðisrétt fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

9. gr.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu. Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða síðar kann að verða breytt á lögmætan hátt. Þessu ákvæði verður hvorki breytt né fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

Hluthafafundir

10. gr.

¹ Með samþykktum þessum er viðauki eins og hann var samþykktur á aðalfundi félagsins þann 30. apríl 2024

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

11. gr.

Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar ásamt ráðgjafa, umboðsmenn hluthafa, stjórn og endurskoðendur félagsins sem og framkvæmdastjóri, þótt ekki sé hluthafi. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað.

12. gr.

Aðalfundur skal haldinn innan sex mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum tuttugasta hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina ráðherra samkvæmt 2. mgr. 87. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

13. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í rafpósti eða auglýsingu í fjölmiðlum. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara.

Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem ráða yfir 10% hlutafjár í félaginu hið minnsta. Hluthafafundur kys fundarstjóra og fundarritara.

14. gr.

Eitt atkvæði er fyrir einnar krónu í hlutafé. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

15. gr.

Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett.

Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar, hvort heldur sem fyrr er.

Stjórn er heimilt að ákveða notkun rafrænna miðla í tengslum við þátttöku hluthafa í hluthafafundum og atkvæðagreiðslu skv. 80.gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hyggist stjórn nýta framangreinda heimild skal þess getið í fundarboði og skulu leiðbeiningar um þátttöku koma fram.

16. gr

Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess:

- a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar;*
- b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum; eða*
- c. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.*

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

17. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- 1. Stjórn félagsins skal skýra hluthöfum frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.*
- 2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.*
- 3. Stjórn félagsins skal kjörin.*
- 4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð.*
- 5. Endurskoðendur skulu kjörnir.*
- 6. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og endurskoðenda fyrir störf þeirra á starfsárinu.*
- 7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.*
- 8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.*

Félagsstjórn skal gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutafélagið er í, eigi það við.

18. gr.

Fundagerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

Félagsstjórn og framkvæmdastjórn

19. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Skal ennfremur skipa þrjá varamenn á aðalfundi til eins árs í senn.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Meirihluta stjórnar þarf til þess að skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnamanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður þá afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.

Halda skal fundargerð um stjórnarfundum.

20. gr

Stjórn félagsins skal setja félaginu starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra.

21. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfundar. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

22. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins í samræmi við þær reglur sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.

Framkvæmdastjóri sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Endurskoðun og ársreikningur

23. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa endurskoðunarfélag. Skulu þeir endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur má hvorki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

24. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið.

Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

Sérréttindi

25. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

Breytingar á samþykktum félagsins

26. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða minnst yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

27 gr.

Með tillögur um samruna, slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um félagsslit sé

gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

28. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

301. apríl 20246

f.h. Solid Clouds hf.

~~VIÐAUKI VIÐ SAMÞYKKTIR SOLID CLOUDS HF.~~

~~Aðalfundur 30. apríl 2024 veitir stjórn heimild á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, til að kaupa allt að 10.000.000 eigin hluti. Heimild þessa skal nýta í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heildarkaupverð endurkaupanna skal ekki vera hærra en 20.000.000 krónur en hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut skal miða við síðustu óháðu viðskipti eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboðið, hvort sem reynist hærra. Heimildin gildir til 8. október 2025.~~